

Skýrsla starfshóps um deildakeppni kvenna

Skýrsla til stjórnar KSÍ þann 23. nóvember 2021

Inngangur

Á ársþingi KSÍ í febrúar 2021 var lagt til skv. þingskjali 14 að skipa starfshóp um fyrirkomulag á deildarkeppnum kvenna. Starfshópnum var gert að skila af sér fyrstu niðurstöðum haustið 2021 og var minnisblað sent til stjórnar KSÍ þann 25. ágúst 2021. Í október var minnisblað sent til aðildarféлага og óskað var eftir athugasemdum eigi síðar en 1. nóvember 2021. Í þessari skýrslu ber að líta niðurstöðu starfshóps ásamt samantekt á þeim athugasemdum sem bárust frá félögum.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Harpa Þorsteinsdóttir formaður, Þorsteinn H. Halldórsson, Linda H. Þórðardóttir, Ingibjörg A. Guðmundsdóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Harpa Frímansdóttir. Með starfshópnum starfaði Ómar Smárason starfsmaður KSÍ.

Markmið

Starfshópnum var falið að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar á knattspyrnu í Pepsi deild kvenna, Lengjudeild kvenna og 2. deild kvenna með tilliti til deildarfyrirkomulags og/eða umspils. Þá voru kannaðar mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi og ýmsar leiðir skoðaðar með það að markmiði að auka gæði deildanna, fjölga leikjum og/eða lengja keppnistímabil ásamt því að búa til vettvang fyrir fleiri jafningjaleiki.

Leiðir að markmiðum

Starfshópurinn fór yfir núverandi stöðu deildarkeppna kvenna. Ræddar voru tillögur sem sneru að fjölgun leikja og þær leiðir sem starfshópur telur best mæta þeim markmiðum sem liggja fyrir. Farið var yfir markmiðin í ljósi ávinnings og áskorana sem kunna að fylgja breytingum á deildarfyrirkomulagi í hverri deild fyrir sig. Í grunninn var hópurinn samróma um að skynsamlegt væri að fara í færri breytingar en fleiri á þessum tímamarki til þess að hægt sé að meta ávinning af breytingum á sem bestan hátt og að það myndi skila skýrari sýn á það hvort og hvaða breytingar séu skynsamlegastar með þessi markmið að leiðarljósi. Skoðaðar voru sambærilegar deildarkeppnir í nágrannalöndum og óskað var eftir upplýsingum t.a.m. frá Knattspyrnusambandinu í Finnlandi í þeirri vinnu en þar hefur verið sambærileg uppbygging kvennaknattspyrnu síðustu ár. Þá var skýrsla starfshóps frá 2020 vegna fjölgunar leikja í efstu deild karla höfð til hliðsjónar varðandi aðstöðumál, kostnað, félagaskiptaglugga o.fl.

Útfærslur á breytingum

Eftirfarandi útfærslur á breytingum á Pepsi deild kvenna voru skoðaðar.

- **12 liða deild - tvöföld umferð**
Fleiri félög og fleiri leikmenn fá tækifæri til þess að leika í efstu deild og leikjum fjölga í takt við fjölgun liða. Bilið á milli efstu og neðstu liða gæti aukist og gæði leikja er líður á mótið eru í hættu.
- **12 liða deild - tvöföld umferð + úrslitakeppni**
Við þetta væri verið að gera tvöfalda breytingu sem fæli í sér að fjölga liðum og bæta við úrslitakeppni. Það er niðurstaða starfshópsins að það sé skynsamlegra að vera með tillögu sem felur í sér færri breytingar en fleiri og því var þessi leið ekki skoðuð frekar.
- **8 liða deild - þreföld umferð**
Með því að fækka um tvö lið og leika þrefalda umferð myndu fleiri leikir vera jafningjaleikir og fleiri spennandi leikir væru yfir keppnistímabilið. Færri lið og leikmenn myndu fá tækifæri til þess að spila meðal þeirra bestu og fjölgun leikja væri takmörkuð.

- 10 liða deild – tvöföld umferð + úrslitakeppni

Upplýsinga var aflað frá finnska sambandinu varðandi reynslu af eftirfarandi:

- **2009:** 12 lið, tvöföld umferð - samtals 22 leikir. Í þessari útfærslu var fjöldi liða í deildinni of mikill til þess að tryggja jafningjaleiki, of margir óspennandi leikir.

2010-2012: 10 lið, þreföld umferð - samtals 27 leikir. Hér voru of margir óspennandi leikir og auk þess datt umgjörðin niður. Tímabilið lengist töluvert með þessu móti og minni klúbbarnir réðu illa við það, auk þess sem það varð erfiðara í sniðum að raða upp mótinu í ljósi landsliðsverkefna og Evrópuleikja.

2013 - 2021 : 10 liða deild + úrslitakeppni/skipt í neðri og efri hluta - samtals 23/24 leikir. Með þessu móti er jafnvægi á fjölda liða í deildinni en að sama skapi er verið að búa til keppnisumhverfi í aðdraganda lokahluta móts.

Út frá þessum niðurstöðum og umræðum í starfshóp var eftirfarandi leið skoðuð enn frekar:

10 liða deild - tvöföld umferð + úrslitakeppni

Með þessari útfærslu væri verið að mæta þeim markmiðum sem starfshópnum var gert að rýna með því að fjölga jafnari leikjum, lengja keppnistímabil og bæta gæði deildarinnar. Breyting hefur bein áhrif á hverja deild fyrir sig en hefði ekki áhrif á aðrar deildir. Þannig væri hægt að fara í breytingar fyrst á efstu deild kvenna og meta stöðuna eftir eitt keppnistímabil.

10 liða deild og úrslitakeppni þar sem spilaðir eru 18 leikir áður en deildinni er skipt og efri 6 liðin spila sín á milli og neðri liðin spila sín á milli.

Kostir:

- Fjölgun leikja.
- Fleiri jafningjaleikir.
- Aukin samkeppni í deildinni.
- Meira markaðsgildi.
- Tryggjum það að toppliðin spili fleiri leiki innbyrðis og þannig ráðist úrslit mótsins undir lokin.

Áskoranir:

- Félög í úrslitakeppni fá ekki jafnt hlutfall heima- og útileikja með einfaldri umferð.
- Meta þarf fjölda liða sem fara í úrslitakeppni um deildartitil.
- Meta þarf hvort tilefni er til að fara í breytingar á báðum deildum en það var mat starfshópsins að sambærileg keppni væri hentug báðum deildum.
- Finna leiðir sem ýta undir ávinning af því að enda í efsta sæti í neðri hluta úrslitakeppni.

2. deild kvenna

Deildarkeppni kvenna í annarri deild hefur þróast hratt á undanförunum árum. Breiddin er að aukast og fleiri lið sækja um þátttöku með hverju ári sem líður. Árið 2020 voru níu lið skráð til keppni og af þeim kláruðu sjö lið mótið. Árið 2021 voru hins vegar 13 lið skráð til keppni og kláruðu öll mótið. Þessi fjölgun á milli ára gefur til kynna að verkefni mótanefndar hefur verið að finna þessari keppni farveg, en skv. reglugerð er það í höndum mótanefndar að ákveða fyrirkomulag 2. deildar hverju sinni.

Eins og keppnin var haldin í ár var einföld umferð og umspil um að komast upp um deild. Álit okkar út frá keppninni eins og hún var í sumar (13 lið) er að ef möguleiki er á getuskiptingu í 2. deild kvenna þá er það besti kosturinn, þ.e. að skipta upp í riðla eftir fjölda liða. Helsta áskorunin í því, er hvað landslagið er breytilegt í neðstu deild hvað varðar liðafjölda.

Í kjölfar vinnu starfshóps um 3. fl. og 2. fl. kvenna í [Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna](#) fékk Þorsteinn Halldórsson það verkefni að vinna áfram hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi í 2.flokki kvenna (sjá viðauka). Þá er það ljóst að ef það verða breytingar á fyrirkomulagi á 2. flokki kvenna eða

með tilkomu varaliða muni það hafa bein áhrif á fjölda liða sem taka þátt í deildarkeppni á vegum KSÍ og þarf þá að rýna fyrirkomulag á 2. deild út frá þeim breytingum.

Samantekt á athugasemdum félaga v. minnisblaðs starfshóps

Pepsi Max deild kvenna

- *Núverandi fyrirkomulag þykir vera í góðu lagi ef tekið er mið af jafnri deild eins og var síðastliðið sumar.*
- *Þá ber að benda á að með æfingaleikjum yfir árið plús mótsleiki þá eru t.d. sterkustu liðin að mætast kannski 6-7 sinnum á ári. Er það spennandi ?*
- *Hætta á að einhverjir leikir verði alls ekki áhugaverðir sérstaklega í neðri hlutanum.*
- *Hver er ávinningur af því að enda í 3. sæti frekar en í því fimmta með tvö Evrópusæti ?*
- *Hvernig bregðast lið við þeim mikla fjölda leikmanna sem hverfa til náms í BNA þegar seinni hluti deildarkeppinnar er í raun aðeins hálfnaður og missa því af hugsanlegri úrslitakeppni að hausti ?*
- *Hver er árangurinn af finnsku leiðinni: Er betra gengi félagsliða í Evrópukeppni? Er A landsliðið að standa sig betur í kjölfarið? Fá fleiri ungir leikmenn tækifæri en áður? Haldast eldri leikmenn lengur í deildakeppninni?*
- *Undirbúningstímabil; Sérstaklega jan-apr ár hvert. Flestir meistaraflokkshópar hafa A landsliðs, U19 og U17 landsliðsleikmenn í sínum 18 manna kjarna. Fyrir Covid voru þjálfarar mfl kvk í vandræðum með undirbúningstímabilið vegna margra æfinga/leikja hjá landsliðum. Þegar deildakeppnin er skoðuð þá þarf að huga að undirbúningstímabilinu. Það er erfitt að undirbúa lið vel þegar mjög reglulega vantar leikmenn í æfingahópinn.*

Lengjudeild og 2. deild kvenna

- *Fjölgun í Lengjudeild er ótímabær. Fyrst þarf að skapa stöðugleika á fyrirkomulagi og fjölda liða í 2. deild áður en ráðist er í fjölgun á liðum í Lengjudeild.*
- *2. deild er best þjónað sem ein deild með tvöfaldri umferð, tvö lið upp t.d. og liðið í þriðja sæti spilar umspil við liðið í 8. sæti Lengjudeildar sem dæmi.*
- *Ákall eftir stöðu á vinnu er varða 2. flokk/varalið.*
- *Mikill getumunur milli liða í 2. deild.*
- *Umgjörð ábótavant í neðri deildum.*

Niðurstaða starfshóps

Við mat á þeim aðferðum sem hér hafa verið ræddar höfðum við sérstaklega í huga þau markmið sem við lögðum upp með, það er að fjölga leikjum með það að markmiði að búa til fleiri jafningjaleiki, auka samkeppni og búa til jákvætt umhverfi sem er knattspyrnu kvenna til framdráttar.

Að teknu tilliti til þeirra markmiða sem starfshópnum voru sett út frá þingskjali 14, leggur hópurinn til að gerðar verði breytingar á efstu deild kvenna frá og með keppnistímabilinu 2023 og verði fyrirkomulagi deildarinnar með þeim hætti að leikin verði tvöföld umferð (heima og heiman) í 10 liða deild. Að þeim hluta loknum væri mótinu skipt í efri hluta (6 lið) og neðri hluta (4 lið) og spiluð verði einföld umferð. Í úrslitakeppni munu 6 efri liðin leika um Íslandsmeistaratitil og Evrópusæti. Keppni í neðri hluta yrði spiluð upp á að forða sér frá falli.

Þá leggur hópurinn til að fyrst verði farið í breytingar á efstu deild kvenna og árið 2024 verði skoðaðar sambærilegar breytingar á 1. deild kvenna þar sem hægt verður að hafa reynslu af breytingum á efstu deild til hliðsjónar.

Niðurstöður um 2. deild kvenna er á þá leið að einföld umferð er ekki vænlegur kostur. Við myndum mælast til þess að skoðað væri að riðlaskipta 2.deild og spila þannig tvöfalda umferð. Það má þá nefna að með þeim tillögum sem liggja fyrir vegna mögulegra breytinga á 2.flokki kvenna þá hefur það bein áhrif á 2.deild kvenna og þyrfti að skoða það mót út frá þeirri umræðu.

Það er mat hópsins að það sé mikilvægt að auka möguleika liðanna á því að taka skref fram á við, með því að búa til umhverfi sem styður þá hugsun að fá fleiri leiki sem hafa áhrif á stöðu liðanna í deildinni. Með því að fjölga jafningjaleikjum og þar með lengja tímabilið, værum við að auka tækifæri leikmanna og félagsliða bæði hérlendis sem og í Evrópukeppnum. Undanfarin ár hafa umræður varðandi mótafyrirkomulag í deildarkeppni kvenna verið til umræðu, starfshópar á vegum sambandsins hafa greint stöðuna og tekið var tillit til þeirrar vinnu í þessari samantekt. Okkar mat er að það sé tímabært að gera breytingu á mótahaldi. Það er ávallt áskorun en vissulega er hér tækifæri til þess að stíga skref til framfara.

Viðauki

Breytingartillögur (unnar af Þorsteini Halldórssyni) til umræðu er varða 2. flokk kvenna og/eða möguleg U-lið.

1. Færa keppni í 2.fl. kvenna inn í deildarkeppni og leggja 2.fl. niður - liðin sem hétu áður 2.fl. væru U-lið eða lið 2.

Það þýðir að búa þarf til 3. deild í mfl. kvenna með þeirri fjölgun sem yrði í deildarkeppninni.

Í dag eru 16 lið í 2. flokki og ef sami fjöldi kemur inn í deildarfyrirkomulagið þá eru komin 49 lið í deildarkeppnina. Og miðað við óbreytt fyrirkomulag þá eru 10 í efstu, 10 í næstu og svo 29 í 2.deild sem yrði að skipta í riðla og svo úrslitakeppni. Eða búa til 3. deild, þá 10 lið í 2. deild og svo 19 lið í 3. deild. Sennilega best að vera fyrst með eina 2. deild og úrslitakeppni. Svo árið eftir yrði búin til 3. deild.

Eins og staðan er núna þá eru árekstrar á milli skástriksliða og aðalliða ef 2.fl. er færður í deildarkeppni. Væri í raun hægt að búa til reglu um hlutgengi leikmanna til að koma í veg fyrir óeðlilega skipan liða. Grunnreglan yrði að liðin mættu ekki spila í sömu deild en í byrjun gætu verið smá árekstrar vegna skástriksliða, síðan myndi þetta þróast í þá átt að þau yrðu ekki í sömu deild.

Hlutgengi leikmanna væru á þá leið að allir leikmenn sem byrjuðu aðalliðsleikinn á undan mega ekki keppa næsta U-liðs leik. Þegar 6 leikir eru eftir mega þeir 14 leikmenn sem flestar mínútur hafa spilað með aðalliðinu ekki taka þátt í leikjum U-liðs. Einnig hægt að hafa þetta þannig að það nái til þeirra 14 leikmanna sem byrjað hafa flesta leiki í aðalliðinu.

2. Búa til U21 keppni, breikka aldursflokkinn og gera keppnina veigameiri.

Þá myndu gilda sömu reglur um hlutgengi, allir leikmenn sem byrjuðu síðasta leik með aðalliðinu mættu ekki spila (einnig þeir leikmenn sem hafa aldur til) og svo frá 15. ágúst eða 6 síðustu leiki mega ekki taka þátt í U21 þeir leikmenn sem hafa spilað flesta leiki eða mínútur. Fjórir eldri leikmenn mega spila og engar aldursreglur yrðu í gildi þar.

Eitt atriði sem kemur örugglega til umræðu ef 2.fl.kv. yrði breytt og fært inn í deildarkeppni er að krafan komi líka í karlakeppninni ef þetta fyrirkomulag gengi vel.

3. Í Svíþjóð er annað form á þessu. Lið geta verið með venslalið eða verið í samstarfi við lið. Inni í því er að 1 markamaður og 4 útileikmenn geta spilað með hinu liðinu án félagaskipta, eina sem þarf að gera er að senda sambandinu lista með þessum 5 leikmönnum og er þessi listi uppfærður reglulega og seinnipart tímabils eru 5 leikmenn fastir á þessum lista sem ekki er hægt að breyta. En þá geta bara þessir 5 leikmenn spilað með báðum liðum.

Eðlilega eru þetta ungir leikmenn eða eldri leikmenn sem spila lítið. Einnig leikmenn sem eru að koma úr meiðslum.

Í lok ágúst var haldinn fundur með yfirþjálfurum margra félaga og þar var farið yfir þetta mál, en þar var sænska aðferðin ekki rædd. Flest allir vildu færa 2.fl. yfir í deildarkeppni á þeim tímapunkti.

Ef það yrði gert væri tillaga mín eftirfarandi:

2022 – 2.fl. yrði U21 lið með 4 eldri leikmönnum óháð aldri.

2023 - væri 2.fl. færður yfir í deildarkeppni.

Þorsteinn H Halldórsson